# Föstudagur 22.desember



## SJÓNVARPIÐ

17.50 **Tólf jólagjafir til jólasveinsins.** (Tolv klappar åt julgubben). 10. þáttur. Jólaþáttur fyrir börn. Lesari Örn Guðmundsson. Þýðandi Kristín Mäntylä. (Nordvision – Finnska sjónvarpið.)
17.55 **Gosi.** (Pinocchio). Teiknimyndaflokkur um ævintýri Gosa. Þýðandi Jóhanna Þráinsdóttir. Leikraddir Örn Árnason.
18.20 **Pernilla og stjarnan** (Pernille og stjernen). Lokaþáttur. Sögumaður Sigrún Waage. Þýðandi Heiður Eysteinsdóttir. (Nordvision – Norska sjónvarpið).
18.50 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Yngismær (44)** (Sinha Moa). Brasilískur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Sonja Diego.
19.20 **George og Mildred.** Breskur gamanþáttur. Gamlir kunningjar birtast á ný og lífga upp á jólaundirbúninginn. Þýðandi Ólöf Pétursdóttir.
19.50 **Tommi og Jenni.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.35 **Kynning á jóladagskrá Sjónvarpsins.** Kynnir Rósa Guðný Þórsdóttir. Umsjón Kristín Björg Þorsteinsdóttir.
21.00 **Derrick.** (Derrick). Aðalhlutverk Horst Tappert. Þýðandi Veturliði Guðnason.
22.00 **Hákarlinn við Bora Bora.** (The Shark Boy of Bora-Bora). Bandarísk kvikmynd frá árinu 1981. Leikstjóri Frank C. Clark. Aðalhlutverk Dayton Kane, Maren Jensen og Kathleen Swan. Myndin gerist í Suðurhöfum og fjallar um dreng sem vingast við ungan hákarl. Hákarlinn verður honum og eyjaskeggjum að miklu liði þegar fram líða stundir. Þýðandi Reynir Harðarson.
23.30 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

15.25 **Upp fyrir haus.** Head over Heels. Piparsveinn fellir hug til giftrar konu og áður en langt um líður snýst ást hans upp í þráhyggju. Aðalhlutverk: John Heard, Mary Beth Hurt, Peter Riegert og Kenneth McMillan.
17.00 **Santa Barbara.**
17.45 **Jólasveinasaga.**
18.10 **Sumo-glíma.**
18.35 **A la Carte.** Skúli Hansen matreiðslumeistari reiðir fram ljúffengan hátíðarkalkún.
19.19 **19:19.** Frétta- og fréttaskýringaþáttur.
20.30 **Geimálfurinn.** Alf.
21.05 **Sokkabönd í stíl.** Tónlistarþáttur fyrir alla aldurshópa. Umsjón: Margrét Hrafnsdóttir.
21.40 **David Lander.** This Is David Lander. Meinfyndinn breskur gamanþáttur.
22.15 **Eftir loforðið.** After the Promise. Myndin greinir frá erfiðri baráttu föður við að endurheimta yfirráðaréttinn yfir tveimur sonum sínum en þeim var komið fyrir á stofnun eftir að móðir þeirra lést. Aðalhlutverk: Mark Harmon og Dian Scarwid.
23.50 **Þokan.** The Fog. Draugamynd sem lýsir þeim áhrifum sem hundrað ára gamalt skipsstrand hefur á kastalabæ í Kaliforníu. Aðalhlutverk: Adrienne Barbeau, Jamie Lee Curtis, Hal Holbrook og Janet Leigh. Leikstjóri: John Carpenter. Stranglega bönnuð börnum.
1.20 **Thornwell.** Sannsöguleg kvikmynd um misþyrmingar á blökkumanni þegar hann gegndi herþjónustu í Frakklandi árið 1961. Aðalhlutverk: Glynn Turman, Vincent Gardenia, Craig Wasson og Howard E. Rollins, Jr.
2.50 **Dagskrárlok.**



## Rás I FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Þórir Stephensen flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið.** – Sólveig Thorarensen. Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Hulda Valtýsdóttir blaðamaður talar um daglegt mál laust fyrir kl. 8.00.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Jólaalmanak Útvarpsins.** Frú Pigalopp og jólapósturinn eftir Björn Rönningen í þýðingu Guðna Kolbeinssonar. Margrét Ólafsdóttir flytur. (22) Umsjón: Gunnvör Braga. (Einnig útvarpað kl. 20.00.)
9.20 **Morgunleikfimi** með Halldóru Björnsdóttur.
9.30 **Að hafa áhrif.** Umsjón: Erna Indriðadóttir. (Frá Akureyri)
10.00 **Fréttir.**
10.03 **Neytendapunktar.** Umsjón: Björn S. Lárusson. (Einnig útvarpað kl. 15.45.)
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Kíkt út um kýraugað.** Umsjón: Viðar Eggertsson.
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Anna Ingólfsdóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti aðfaranótt mánudags.)
11.53 **Á dagskrá.**
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.15 **Daglegt mál.** Endurtekinn þáttur frá morgni sem Hulda Valtýsdóttir blaðamaður flytur.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Auglýsingar. Tónlist.
13.00 **Jólapottaglamur.** Anna Heide Gunnþórsdóttir frá Austurríki bakar.
13.30 **Miðdegissagan:** Samastaður í tilverunni eftir Málfríði Einarsdóttur. Steinunn Sigurðardóttir les. (10)
14.00 **Fréttir.**
14.03 **Ljúflingslög.** Svanhildur Jakobsdóttir kynnir. (Einnig útvarpað aðfaranótt fimmtudags kl. 3.00.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Sjómannslíf.** Sjötti þáttur af átta um sjómenn í íslensku samfélagi. (Endurtekinn frá miðvikudagskvöldi.)
15.45 **Neytendapunktar.** Umsjón: Björn S. Lárusson. (Endurtekinn þáttur frá morgni.)
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin.**
16.08 **Á dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið** – Létt grín og gaman. Umsjón: Kristín Helgadóttir og Sigurlaug M. Jónasdóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi** – Sibelius og Bewald.
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Einnig útvarpað að loknum fréttum kl. 22.07.)
18.10 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson.
18.30 **Tónlist.** Auglýsingar.
18.45 **Veðurfregnir.** Auglýsingar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Auglýsingar.**
19.32 **Kviksjá.** Þáttur um menningu og listir líðandi stundar.
20.00 **Jólaalmanak Útvarpsins.** Frú Pigalopp og jólapósturinn eftir Björn Rönningen í þýðingu Guðna Kolbeinssonar. Margrét Ólafsdóttir flytur. (22) Umsjón: Gunnvör Braga. (Endurtekið frá morgni.)
20.15 **Gamlar glæður.**
21.00 **Kvöldvaka.**
22.00 **Fréttir.**
22.07 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Endurtekinn frá sama degi.)
22.15 **Veðurfregnir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.30 **Danslög.**
23.00 **Kvöldskuggar.** Jónas Jónasson sér um þáttinn.
24.00 **Fréttir.**
0.10 **Ómur að utan** – Selma Lagerlöf segir frá í útvarpsupptökum frá fyrri hluta aldarinnar. Selma flytur meðal annars æskuminningar frá jólum sem útvarpað var á þriðja degi jóla árið 1936. Umsjón: Signý Pálsdóttir.
1.00 **Veðurfregnir.**
1.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

## RÁS 2 FM 90,1

7.03 **Morgunútvarpið** – Úr myrkrinu, inn í ljósið. Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum.
8.00 **Morgunfréttir.**
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu** með Gesti Einari Jónassyni. (Frá Akureyri)
14.03 **Hvað er að gerast?** Lísa Pálsdóttir kynnir allt það helsta sem er að gerast í menningu, félagslífi og fjölmiðlum.
14.06 **Milli mála.** Árni Magnússon leikur nýju lögin. Stóra spurningin. Spurningakeppni vinnustaða, stjórnandi og dómari Dagur Gunnarsson kl. 15.03.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp. Stefán Jón Hafstein, Guðrún Gunnarsdóttir, Sigurður Þór Salvarsson, Þorsteinn J. Vilhjálmsson og Sigurður G. Tómasson. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00. – Stórmál dagsins á sjötta tímanum.
18.03 **Þjóðarsálin,** þjóðfundur í beinni útsendingu, sími 91-38500.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Blítt og létt....** Gyða Dröfn Tryggvadóttir rabbar við sjómenn og leikur óskalög. (Einnig útvarpað kl. 3.00 næstu nótt á nýrri vakt.)
20.30 **Á djasstónleikum.** Píanódjass í Frakklandi í sumar. Fram koma: Monty Alexander, Michel Petrucciani, Chick Corea, Michael Camilo, Jay McShann, Sammy Price og Jean Paul Amorouxe. Kynnir er Vernharður Linnet. (Einnig útvarpað aðfaranótt föstudags kl. 3.00.)
21.30 **Fræðsluvarp:** Enska. Ellefti og lokaþáttur enskukennslunnar Í góðu lagi á vegum Málaskólans Mímis. (Endurtekinn frá þriðjudagskvöldi.)
22.07 **Kaldur og klár.** Óskar Páll Sveinsson með allt það nýjasta og besta.
2.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**
2.00 **Fréttir.**
2.05 **Rokk og nýbylgja.** Skúli Helgason kynnir. (Endurtekið úrval frá þriðjudagskvöldi.)
3.00 **Blítt og létt....** Endurtekinn sjómannaþáttur Gyðu Drafnar Tryggvadóttur frá liðnu kvöldi.
4.00 **Fréttir.**
4.05 **Undir værðarvoð.** Ljúf lög undir morgun. Veðurfregnir kl. 4.30.
5.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.
5.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög flutt af íslenskum tónlistarmönnum.
6.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.
6.01 **Blágresið blíða.** Þáttur með bandarískri sveita- og þjóðlagatónlist, einkum bluegrass- og sveitarokk. Umsjón: Halldór Halldórsson. (Endurtekinn þáttur frá laugardegi á rás 2.)
7.00 **Úr smiðjunni.** Sigfús E. Arnþórsson kynnir Elton John. (Endurtekinn þáttur frá laugardagskvöldi.)

## 98.9 BYLGJAN

7.00 **Morgunstund gefur gull í mund.** Allt það helsta sem er að gerast í þjóðfélaginu. Barnasagan á sínum stað kl. 7.45. Umsjónarmaður Sigursteinn Másson.
9.00 **Páll Þorsteinsson.** Vinir og vandamenn kl. 9.30. Jólalögin á sínum stað.
12.00 **Hádegisfréttir.**
12.15 **Trúlofunardagur** í umsjá Valdísar Gunnarsdóttur. Jólaskapið til staðar og föstudagsstemmningin í algleymingi.
15.00 **Ágúst Héðinsson.** Fylgst með öllu því helsta sem er að gerast. Jólaumferðin, búðarrápið og jólaljósin tendruð.
17.00 **Haraldur Gíslason** með síðdegisútvarp Bylgjunnar. Hlustendum fylgt heim, rólegt og afslappað síðdegi.
19.00 **Hafþór Freyr Sigmundsson** hjálpar til við uppvaskið.
22.00 **Á næturrölti** með Halla Gísla. Næturvakt fyrir fólk sem heima situr.
2.00 **Ljúf og létt næturtónlist** undir svefninn. Umsjón Freymóður T. Sigurðsson.
Ath. Fréttir eru á klukkutíma fresti frá 8–18 virka daga.

## STJARNAN FM 102 & 104

7.00 **Jólagarðurinn.** Sprell, óvæntar uppákomur, beinar útsendingar, getraunir, hlustendur teknir tali og landsþekktir einstaklingar koma í heimsókn. Umsjón: Bjarni Haukur Þórsson og Sigurður Helgi Hlöðversson.
9.00 **Bjarni Haukur Þórsson.** Jólatónlist, fróðleiksmolar og öðruvísi fréttir.
11.00 **Snorri Sturluson.** Svona rétt fyrir jólin gerir Snorri úttekt á jólainnkaupunum og þú færð upplýsingar um það hvernig þú átt að vera um þessi jól.
15.00 **Sigurður Helgi Hlöðversson.** Jólatónlist, fróðleiksmolar og öðruvísi fréttir.
17.00 **Jólagarðurinn.** Sprell, óvæntar uppákomur, beinar útsendingar, getraunir og hlustendur teknir tali. Umsjón: Bjarni Haukur Þórsson og Snorri Sturluson.
19.00 **Kristófer Helgason.** Hafðu samband og jólalagið þitt verður leikið.
22.00 **Þorsteinn Högni Gunnarsson.** Nýbylgjupoppið á sínum stað.
24.00 **Björn Sigurðsson.** Hann tekur vel á móti þér.
3.00 **Arnar Albertsson.** Allt að verða vitlaust.

## FM 95,7

7.00 **Arnar Bjarnason.** Morgunhaninn á F.M. býður fyrirtækjum upp á brauð og kökur með kaffinu.
10.00 **Ívar Guðmundsson.** Nýtt og gamalt efni í bland við fróðleiksmola.
13.00 **Jóhann Jóhannsson.** Gæðapopp og óskalög ráða ríkjum.
16.00 **Sigurður Ragnarsson.** Hress, kátur og birtir upp skammdegið.
20.00 **Kiddi Bigfoot.** Tónlist og stíll sem á sér engar hliðstæður.
23.00 **Valgeir Vilhjálmsson.** Nýkominn úr keilu, hress og kátur.

## Útvarp HAFNARFJÖRÐUR FM91.7

18.00–19.00 **Hafnarfjörður í helgarbyrjun.** Halldór Árni kannar hvað er á döfinni á komandi helgi í menningar- og félagsmálum.

## FM 90.9 AÐALSTÖÐIN

7.00 **Bjarni Dagur Jónsson,** morgunmaður Aðalstöðvarinnar, með fréttir, viðtöl og fróðleik í bland við tónlist.
9.00 **Margrét Hrafnsdóttir.** Ljúf tónlist í dagsins önn með fróðleiksmolum í bland.
12.00 **Að hætti hússins.** Umsjónarmaður Ólafur Reynisson. Uppskriftir, viðtöl og fróðleikur til hlustenda um matargerð. Opin lína fyrir hlustendur s: 626060.
12.30 **Þorgeir Ástvaldsson.** Létt tónlist í dagsins önn með fróðleik um veður, færð og það sem við þurfum að vita.
16.00 **Fréttir með Eiríki Jónssyni.**
18.00 **Íslensk tónlist** að hætti Aðalstöðvarinnar.
19.00 **Anna Björk Birgisdóttir.** Létt tónlist í helgarbyrjun.
22.00 **Kertaljós og kavíar.** Gestgjafi Gunnlaugur Helgason.
2.00 **Næturdagskrá Aðalstöðvarinnar.**

## SKY One

5.30 **Viðskiptaþáttur.**
6.00 **The DJ Kat Show.** Barnaefni.
8.30 **Super Password.** Spurningaleikur
10.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
10.30 **Sky by Day.** Fréttaþáttur.
11.30 **A Problem Shared.** Fræðsluþáttur.
12.00 **Another World.** Framhaldsflokkur.
12.55 **General Hospital.**
13.50 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
14.45 **Loving.**
15.15 **Young Doctors.** Framhaldsþáttur.
15.45 **Teiknimyndir.**
16.00 **Poppþáttur.**
17.00 **Sky Star Search.** Hæfileikakeppni.
18.00 **The New Price is Right.** Getraunaleikur.
18.30 **Sale of the Century.** Getraunaleikur.
19.00 **Black Sheep Squadron.** Spennuflokkur.
20.00 **Riptide.** Spennumyndaflokkur.
21.00 **Hunter.** Spennumyndaflokkur.
22.00 **All American Wrestling.**
22.00 **Fréttir.**
23.30 **The Deadly Earnes Horror Show.** Hryllingsþáttaröð.

## SKY MOVIES

14.00 **Gambler.**
16.00 **George and the Star.**
18.00 **Dreamchild.**
19.40 **Entertainment Tonight.**
20.00 **Enemy Mine.**
22.00 **The Falcon and the Snowman.**
00.10 **The Angry Red Planet.**
01.40 **The Hitchhiker.**
02.10 **The Long Good Friday.**
04.00 **The Heavenly Kid.**

## EUROSPORT

9.00 **Motor Mobil Sport News.** Fréttatengdur þáttur um kappakstur.
9.30 **Surfer Magazine.** Allt um brimbrettaíþróttina.
10.00 **Rall.** París–Dakar.
11.00 **Fótbolti.** Heimsmeistarakeppni unglinga.
12.30 **Golf.** Ryder bikarinn.
14.00 **Brun.** Bein útsending frá Austurríki.
15.00 **Íshokkí.** Bein útsending frá Moskvu, Kanada–Sovétríkin.
18.00 **The Marthon Story.** Kvikmynd.
19.00 **Listhlaup á skautum.** Keppni í Moskvu.
20.00 **Tennis.** Úrslitin í Davis Cup.
21.00 **Ford Ski Report.** Fréttatengdur skíðaþáttur.
22.00 **Íshokkí.** Bein útsending frá Moskvu, Kanada–Sovétríkin.

## SCREENSPORT

7.00 **Wide World of Sport.**
8.00 **Ameríski fótboltinn.** Highlights.
9.00 **Golf.** Mazda Championship, haldið á Jamaíka,
10.00 **Spánski fótboltinn.** Atletico Madrid–Barcelona.
11.45 **Hnefaleikar.** US professional Boxing.
14.45 **Íþróttir á Spáni.**
13.15 **Körfubolti.** Pittsburgh–Georgia Tech.
15.00 **Karate.**
16.00 **Ameríski fótboltinn.** Highlights.
17.00 **Powersport International.**
18.00 **Körfubolti.** University of Connecticut–Maryand.
19.30 **Íshokkí.** Leikur í NHL-deildinni.
21.30 **Körfubolti.**
23.00 **Golf.** Mazda Championship, haldið á Jamaíka,
24.00 **Hnefaleikar.**

### Stöð 2 kl. 22.15:

# Eftir loforðið

Eftir loforðið (After the Promise) er byggð á sönnum atburðum og segir frá verkamanninum Elmer Jackson sem verður að sjá um fjóra syni sína þegar eiginkonan deyr.

Félagsráðgjafi misskilur hann og eru börnin tekin frá honum og hann sagður ekki hæfur að ala upp börn.

Elmer hefur baráttu fyrir því að fá syni sína aftur og tekst það ekki baráttulaust. Ýmsar óskiljanlegar hindranir verða á vegi hans. Í millitíðinni flækjast drengirnir hans milli upptökuheimila. Það er ekki fyrr en mörgum árum seinna að þeir ná saman aftur. -HK



**Mark Harmon leikur verkamanninn Elmer Jackson sem berst fyrir því að fá syni sína til sín.**

### Rás 1 kl. 13.00:

# Jólapottaglamur

Í vetur hafa verið á rás 1 stuttir þættir sem nefnast Pottaglamur gestakokksins. Gestakokkar hafa komið frá öllum heimsins hornum, sagt frá því þjóðlandi sem þeir tengjast og gefið hlustendum uppskrift að einhverju gómsætu.

Í dag verður þátturinn hálfrar klukkustundar langur og helgaður Austurríki. Gestur þáttarins verður Anna Heide Gunnþórsdóttir, austurrísk stúlka sem hefur verið búsett hér á landi síðastliðin tíu ár. Hún segir meðal annars frá matarvenjum Austurríkismanna, kaffihúsamenningu í Vín og jólahaldi í Austurríki.

Einnig má geta þess að Anne Heide mun gefa uppskrift að austurrískum jólasmákökum og vanilluskeifum. Þátturinn verður svo kryddaður með jólalögum, meðal annars sungnum af Vínardrengjakórnum.



**Það er ekki alltaf gott samkomulagið hjá þeim heiðurshjónum, George og Mildred, eins og við sjáum á þessari mynd.**

### Sjónvarp kl. 19.20:

# George og Mildred

Gamlir heimilisvinir, George og Mildred, birtast eina ferðina enn í Sjónvarpinu í kvöld. Þessi ágætu en ólíku hjón eru sérlega skemmtilegar persónur. Hinn samansaumaði George er ekki í miklu áliti hjá eiginkonu sinni, Mildred, sem telur flesta karlmenn betur gerða og heppilegri fylginauta heldur en eiginmanninn sem kann best við sig fyrir framan sjónvarpið og sinnir lítið þörfum eiginkonunnar.

### Sjónvarp kl. 22.00:

# Hákarlinn við Bora Bora

Hákarlinn við Bora Bora fjallar um ungling sem finnur ungan hákarl. Hann tekur dýrið að sér en veit ekki í fyrstu að um er að ræða mannætuhákarlstegund. Þeim verður þó vel til vina.

Tikoyo, en svo heitir unglingurinn, er innfæddur eyjarbúi á Bora Bora og hefur vinnu af að kafa eftir perlum. Hinn mikli ferðamannastraumur til eyjunnar fer í taugarnar á Tikoyo. Hann telur að ferðamennirnir munu eyðileggja hina óspilltu náttúr. Hann leggur því til atlögu við ferðamennina ásamt gæludýrinu sínu, mannætuhákarlinum.

Hákarlinn við Bora Bora er gerð 1981 og eru helstu aðalleikararnir allir óþekktir. -HK